



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 439

Ólafur Bergmann Elímundarson
(1921-2003)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 439

Ólafur Bergmann Elímundarson (1921-2003)

Formáli

Ólafur Bergmann Elímundarson fæddist í Dvergasteini á Hellissandi 28. desember 1921. Hann varð bráðkvaddur á ferðalagi um Laugardal sunnudaginn 5. janúar síðastliðinn. Ólafur var næstyngstur ellefu barna Sigurlaugar Cýrusdóttur og Elímundar Ögmundssonar sem lengi var formaður á báti frá Hellissandi. Eftirlifandi systkini Ólafs eru Hallbjörn og Svandís, en látin eru Anna, Guðrún, Björn, Kristjánsína, Ögmundur, Hallgrímur, Sæmundur og Hallbjörg. Foreldrar Elímundar voru Ögmundur Jóhannesson bóndi í Einarslóni og Anna Elísabet Jóhannsdóttir. Foreldrar Sigurlaugar voru Cýrus Andrússon bóndi að Öndverðarnesi og eiginkona hans, Guðrún Björnsdóttir.

Árið 1970 kvæntist Ólafur eftirlifandi konu sinni Viktoríu Daníelsdóttur frá Önundarfirði. Foreldrar hennar voru Jónína Guðbjörg Loftsdóttir og Daníel Benediktsson.

Ólafur hóf ungur að vinna fyrir sér, ýmist sem vinnumaður í sveit eða til sjós. Hann stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni veturinn 1940-41 og vann síðan um nokkurra ára skeið í Stálsmiðjunni í Reykjavík. Mikil vinna í lok stríðsáranna gerði honum kleift að setjast á skólabekk að nýju. Hann sótti Samvinnuskólann veturna 1945-46 og 1946-47 og varð síðan starfsmaður Útvegsbanka Íslands þar sem hann vann hátt á fjórða áratug.

Ólafur var frá unga aldri afar fróðleiksfús maður, minnugur og víðlesinn, sérstaklega um sögu, atvinnuhætti og ættfræði. Stofnun Öldungadeildar Menntaskólans við Hamrahlíð opnaði nýja möguleika, og árið 1978 hóf hann þar nám jafnhliða starfi sínu við Útvegsbankann.

Haustið 1982 lét Ólafur af störfum við Útvegsbankann og innritaðist í Háskóla Íslands þar sem hann lagði stund á sagnfræði og lauk BA-prófi í þeirri grein vorið 1986. Cand.mag.-prófi lauk hann haustið 1988.

Fyrir tveimur árum kom út fyrra bindið af umfangsmiklu ritverki hans, *Kirkjur undir Jökli*. Sú bók fjallaði um sögu kirkna og sókna í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis þar sem raktar eru sögulegar heimildir frá upphafi byggðar og langt fram á síðustu öld. Síðari hluti ritverksins, *Undir bláum sólarsali*, kom síðan út 2004. Ólafur lést árið 2003.

Heimildir www.mbl.is/greinasafn/grein/708711/

Gögn þessi voru færð Borgarskjalasafni í september 2010 af Ólafi Snævari Ögmundssyni. Skjölunum er raðað samkvæmt upprunareglunni og því blandað efni í hverri öskju.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréf, prófskírteini og afmæliskort, 1946-1999.
Umslag: Jólakort frá Einari og Helgu, 1946-1970.
Umslag: Jólakort, 1956-1963.
Umslag: Jólakort, 1965-1967.
Umslag: Jólakort, 1968.
Umslag: Bréf og kort, 1968.
Umslag: Bréf og kort, 1969-1972.
Umslag: Jólakort, 1970.

Askja 2

Umslag: Jólakort, 1973.
Umslag: Jólakort, 1974.
Umslag: Jólakort, 1975.
Umslag: Jólakort, 1976.
Umslag: Jólakort, 1977.

Askja 3

Umslag: Jólakort, 1978.
Umslag: Jólakort, 1979.
Umslag: Jólakort, 1980.
Umslag: Jólakort, 1981.
Umslag: Jólakort, 1982.
Umslag: Jólakort, 1983.

Askja 4

Umslag: Jólakort, 1984.
Umslag: Jólakort, 1985.
Umslag: Jólakort, 1986.

Askja 5

Umslag: Jólakort, 1996.
Umslag: Jólakort, 1997.
Umslag: Jólakort, 1998 o.fl.

Askja 6

Umslag: Jólakort, 1999.
Umslag: Jólakort, 2000.
Tvö albúm með kortum, tvær myndir, án árs.

Askja 7

Umslag: Jólakort Viktoríu eiginkonu Ólafs 1968 og 1969.

Mynd í ramma, án árs.

Bók- nöfn manna og heimilisföng.

Vinnueintaki að útgefinni bók Ólafs á lausblöðum og ljósrituðum heimildum var eytt með samþykki gefanda.

Skráð í desember 2011,
Jakobína Sveinsdóttir